



Umsóknir til Fiskeldissjóðs

1316. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar – 27. febrúar 2025

Á 1316. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, haldinn þann 27. febrúar 2025, var ákveðið að vinna áfram með eftirfarandi umsóknir til Fiskeldissjóðs. Meðfylgjandi eru umsóknirnar í fylgigögnum ásamt eftirfarandi punktum hér fyrir neðan varðandi umsóknirnar:

Torfnes – Varmadælur

- Sótt er um eingöngu fyrir 2025
- Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir, þar sem farið verður í endalega hönnun ef styrkur fæst.
- Kostnaðaráætlun er byggð á mati Bláma en skekkjumörk geta verið töluverð vegna óvissupáttá í hönnun og innkaupaverða
- Rekstrarkostnaður er einnig breytilegur og fer eftir vali á búnaði og hönnun lausnarinnar.

Slökkvistöð á Suðurtanga 1

- Fyrirvari er um að mögulega verður sótt um aftur fyrir 2026.
- Sótt verður um styrk fyrir hönnun, útboð og fyrsta fasa verkframkvæmda 2025

Jarðgerðarvél

- Sótt er eingöngu fyrir 2025
- Sótt er um fyrir innkaupum og uppsetningu á jarðgerðarstöð

Félagsheimili Þingeyri

- Sótt er eingöngu fyrir 2025
- Sótt er um vegna endurbóta innan og utandyra, fyrir nýju gólfi, hitakerfi, gluggum og múrviðgerðum.

-

Sundhöll Ísafjarðar

- Sótt er eingöngu fyrir 2025
- Sótt er um styrk vegna endurbóta innan -og utanhúss, ásamt endurnýjun lagnakerfis.

Greining á orkuþörf mannvirkja í Ísafjarðarbæ, Bolungarvík og Súðavík.

- Sótt er um eingöngu fyrir 2025
- Sótt er um styrk vegna ráðgjafa og greiningavinnu á varmadæluvæðingu á norðanverðum Vestfjörðum

Til úthlutunar úr fiskeldissjóð á árinu 2025 eru kr. 456.100.000. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, mánudaginn 10. mars 2025.

Bæjarráð er beðið um að taka afstöðu til umsókna og veita heimild fyrir því að undirritaður geti sótt um þær fyrir hönd sveitarfélagsins.